

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 895/2003.

1. gr.

1. mgr. 50. gr. verður svohljóðandi:

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Geti nefndarmaður ekki sótt fund, tilkynnir hann forföll til formanns og boðar varamann sinn. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. samþykktarinnar:

- a. Í stað orðsins „Fjölskylduráð“ í 4. tölulið B-hluta greinarinnar kemur: Samfélags- og mannréttindaráð.
- b. 13. töluliður C-liðar greinarinnar fellur brott.
- c. Í stað orðsins STAK í 14. tölulið C-liðar greinarinnar kemur: Kjalar.
- d. Númer töluliða í C-lið greinarinnar breytast í samræmi við ofangreint.

3. gr.

63. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar og að fenginni umsögn viðkomandi fagnefnda, ræður deildarstjóra og aðra embættismenn sem heyra beint undir hann í skipuriti svo og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs. Deildarstjórar ráða forstöðumenn að fenginni umsögn viðkomandi fagnefnda. Deildarstjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

4. gr.

64. gr. samþykktarinnar fellur brott.

5. gr.

Númer greina sem á eftir koma breytist til samræmis við ofangreint.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. janúar 2007.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Stefanía Traustadóttir.